



Upprifjun fyrir málfræðipróf

Hanna Guðný Ottósdóttir

6. bekkur – maí 2015

Nafnorð

- Nafnorð skiptast í sérnöfn og samnöfn. Þegar við finnum nafnorð í texta er gott að finna fyrst öll sérnöfn og svo öll samnöfn.
- Sérnöfn:
 - Nöfn eða heiti einstaklinga, hluta eða fyrirbæra.
 - Alltaf skrifuð með stórum staf.
 - Bæta sjaldan við sig greini.
 - Dæmi: Seltjarnarnes, Ólína, Mýrarhúsaskóli.
- Samnöfn:
 - Sameiginleg heiti á hlutum eða fyrirbærum.
 - Skrifuð með litlum staf.
 - Hægt að bæta við greini – gott að finna þau þannig.
 - Dæmi: bæjarfélag, skólastjóri, skóli.

Greinir

- Samnöfn (og einstaka sérnöfn) bæta við sig greini
- Munum eftir minn og mín reglunni
- Dæmi:
 - maðurinn minn – manninum mínum
 - konann mín – konunni minni
 - barnið mitt – barninu mínu

Kyn nafnorða

- Nafnorð hafa fast kyn.
- Það þýðir að nafnorð eru karlkynsorð, kvenkynsorð eða hvorugkynsorð og það breytist ekki.
- Til þess að finna rétt kyn orða notum við hjálparorðin hann, hún, það. (Alls ekki nota minn/mín/mitt!)
- Dæmi:
 - Karlkynsorð: hann maturinn, penninn
 - Kvenkynsorð: hún súpan, taskan
 - Hvorugkynsorð: það vatnið, herbergið

Eintala og fleirtala nafnorða

- Flest nafnorð hafa mismunandi form eftir því hvort þau standa í eintölu eða fleirtölu.
- Þá notum við hjálparorðin einn/ein/eitt og margir/margar/mörg.
- Dæmi:
 - Einn fótur – margir fætur
 - Ein tá – margar tær
 - Eitt auga – mörg augu

Eintöluorð og fleirtöluorð

- Sum orð eru einungis til í eintölu, þau kallast eintöluorð.
- Þú þarft að þekkja þessi eintöluorð:
 - Fjöldi, fólk, kaffi, mjólk, verð. (frá 5. bekk)
 - Áhugi, fé, gleði, nám, sannleikur.
- Sum orð eru einungis til í fleirtölu, þau kallast fleirtöluorð.
- Þú þarft að þekkja þessi fleirtöluorð:
 - Buxur, dyr, hjón, tónleikar, verðlaun. (frá 5. bekk)
 - Feðgar, jól, mistök, páskar, skæri.

Fallbeyging nafnorða

- Föllin eru fjögur.
- Aðalfallið er nefnifall.
- Aukaföllin eru þolfall, þágufall og eignarfall.

fall	skammstöfun	hjálparorð	dæmi	aðalfall/aukafall
nefnifall	nf.	hér er	köttur	aðalfall
þolfall	þf.	um	kött	aukafall
þágufall	þgf.	frá	ketti	aukafall
eignarfall	ef.	til	kattar	aukafall

Veik og sterk beyging nafnorða

- Nafnorð sem enda á sérhljóða í öllum föllum beygjast veikt.
- Ef nafnorðið endar á samhljóða í einu falli eða fleiri beygist það sterkt.
- Skoðaðu vel dæmin hér fyrir neðan.

nf.	hér er	gluggi	bók
þf.	um	glugga	bók
þgf.	frá	glugga	bók
ef.	til	glugga	bókar



Ef nafnorðið endar á
sérhljóða í öllum föllum
beygist það veikt.



Ef ekki þá beygist
það sterkt.



Samsett orð

- Samsett orð eru sett saman úr tveimur eða fleiri orðum.
- Dæmi:
 - flugvél (flug + vél)
 - sundlaug (sund + laug)
 - hraðskákmót (hrað + skák + mót)

Stofn nafnorða

- Stofn nafnorða finnum við í þolfalli, eintölu (um)
- Ef þolfallið endar á sérhljóða tökum við hann af (setjum hann í sviga)
- Dæmi:
 - Köttur – um kött
 - Hæna – um hæn(u)
 - Gluggi – um glugg(a)

Lýsingarorð

- Lýsingarorð lýsa hlutum, verum eða fyrirbærum.
- Þau standa oft með nafnorðum og lýsa þeim nánar.
- Til að vera viss um að orðið sé lýsingarorð þarf það að uppfylla tvo skilyrði. Það þarf að vera hægt að:
 - Setja hún er fyrir framan orðið.
 - Stigbreyta það.

Kyn og tala lýsingarorða

- Lýsingarorð geta staðið í mismunandi kyni. Þá þarf að skoða vel nafnorðið sem það lýsir.
- Dæmi:
 - Gulur bíll
 - Gul peysa
 - Gult blóm
- Lýsingarorð geta verið í eintölu og fleirtölu.
- Dæmi:
 - Ein gul flaska
 - Margar gular flöskur

Fallbeyging lýsingarorða

- Lýsingarorð fallbeygjast.
- Oft er auðveldara að fallbeygja lýsingarorð með því að hafa nafnorð í réttu kyni fyrir aftan.
- Dæmi:
 - Nf. góður (maður)
 - Þf. góðan (mann)
 - Þgf. góðum (manni)
 - Ef. góðs (manns)

Stigbreyting

- Lýsingarorð er hægt að stigbreyta.
- Stigbreyting sýnir samanburð.
- Stigin heita frumstig, miðstig og efsta stig.
- Mikilvægt er að gæta þess að sama kyn haldi sér í gegnum öll stigin.
- Dæmi:

frumstig	miðstig	efsta stig
góður	betri	bestur
fín	fínni	fínust

Veik og sterk beyging lýsingarorða

- Lýsingarorð geta flest beygst bæði sterkt og veikt.
- Ef orðið endar á sérhljóða í öllum föllum beygist það veikt.
- Ef orðið endar á samhljóða í einu eða fleiri föllum beygist það sterkt.
- Dæmi:

nf.	hér er	skemmtilega (konan)	skemmtileg (kona)
þf.	um	skemmtilegu (konuna)	skemmtilega (konu)
þgf.	frá	skemmtilegu (konunni)	skemmtilegri (konu)
ef.	til	skemmtilegu (konunnar)	skemmtilegrar (konu)

Ef lýsingarorðið endar á
sérhljóða í öllum föllum
beygist það veikt.

Ef ekki þá beygist
það sterkt.

Stofn lýsingarorða

- Stofn lýsingarorða finnum við í kvenkyni, eintölu (hún er).
- Dæmi:
 - Hún er falleg
 - Hún er ill
 - Hún er bein

Persónufornöfn

- Persónufornöfn eru til í 1., 2. og 3. persónu í eintölu og fleirtölu.
- 3. persónufornöfnin eru til í kk., kvk. og hk.
- 1. persóna:
 - Ég – við
- 2. persóna:
 - Þú – þið
- 3. persóna:
 - Hann – þeir
 - Hún – þær
 - Það – þau

Fallbeyging persónuformafna

	<i>1. p.</i>	<i>2. p.</i>	<i>3. p. kk.</i>	<i>3. p. kvk.</i>	<i>3. p. hk.</i>
<i>nf.</i>	ég	þú	hann	hún	það
<i>þf.</i>	mig	þig	hann	hana	það
<i>þgf.</i>	mér	þér	honum	henni	því
<i>ef.</i>	mín	þín	hans	hennar	þess
<i>nf.</i>	við	þið	þeir	þær	þau
<i>þf.</i>	okkur	ykkur	þá	þær	þau
<i>þgf.</i>	okkur	ykkur	þeim	þeim	þeim
<i>ef.</i>	okkar	ykkar	þeirra	þeirra	þeirra

Sagnorð

- Við þekkjum sagnorð á því að þau tíðbeygjast (nútíð - þátíð).
- Til að finna sagnorð er gott að setja að fyrir framan en við verðum einnig að prófa að tíðbeygja til að vera viss.
- Dæmi:
 - Að ganga (gengur - gekk)
 - Að fara (fer - fór)
 - Að tala (talar - talaði)

Nafnháttur – nútíð - þátíð

- Nafnhátt sagna finnum við með því að setja að fyrir framan orðið.
 - Að **finna**
- Nútíð sagna finnum við með því að nota hjálparorðið núna.
 - Núna **finnur** hann
- Þátíð sagna finnum við með því að nota hjálparorðið í gær.
 - Í gær **fann** hann.

Veik og sterk beyging sagnorða

- Sum sagnorð beygjast veikt en önnur sterkt.
- Ef þátíð sagnar endar á –aði, -ði, -di eða –ti segjum við að sögnin beygist veikt.
 - Dæmi:
 - Tala – talaði
 - Klemma – klemmdi
- Ef þátíð sagnar endar á annan hátt segjum við að hún beygist sterkt.
 - Dæmi:
 - Hlaupa – hljóp
 - Fara - fór

Stofn sagnorða

- Stofn sagnorða finnum við í nafnhætti (að).
- Ef nafnhátturinn endar á sérhljóða tökum við hann af.
- Dæmi:
 - Að far(a)
 - Að hopp(a)
 - Að hlaup(a)

Samheiti og andheiti

- Samheiti: orð með sömu eða svipaða merkingu
 - Dæmi: glaður – kátur, tungl – máni
- Andheiti: orð með gagnstæða eða andstæða merkingu
 - Dæmi: lítill – stór, sorg - gleði

Setning – málsgrein - efnisgrein

- Setning: orðasamband með einni umsögn
- Málsgrein: frá stórum staf að punkti
- Efnisgrein: texti á milli greinaskila

Þar eru bæði sjö ára stúlkur og ungar konur í háskóla spurðar um tilfinningarnar sem vakna þegar spurt er um sundferðir.

Sjö ára stúlkurnar eru allar sammála um að tilfinningarnar séu góðar. Rennibrautir, köfun og vinkonur eru meðal þess sem nefnt er. Það sem helst er óþægilegt eru rúsínuputtar og vatn sem fer upp í nafið.

setning

málsgrein

efnisgrein

Bein ræða

- Bein ræða er þegar við skrifum orðrétt upp það sem einhver sagði.
- Við notum tvær leiðir:

„Hann fór út í búð,“ sagði hún.

Hún sagði: „Hann fór út í búð.“

Mundu að staðsetning greinarmerkjanna og stóru stafanna skiptir miklu máli!

Óbein ræða

- Við notum óbeina ræðu þegar við segjum frá því hvað einhver sagði.
- Dæmi:
 - Hún sagði að hann hefði farið út í búð.
 - Hann sagðist hafa farið út í búð.

Gangi þér vel í prófinu! 😊

- Mundu að skoða glósumnar vel.
- Farðu vel yfir gátlistann.
- Leystu upprifjunarheftið og fáðu aðstoð hjá kennara ef þarf.
- Farðu snemma að sofa kvöldið fyrir próf.